

Sjálfsmat Reykjahlíðarskóla

2017-2018



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1. Um Reykjahlíðarskóla.....	4
1.2. Starfsmenn Reykjahlíðarskóla.....	5
1.3. Markmið skólstarfs Reykjahlíðarskóla.....	5
1.4. Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
1.5. Umbætur frá síðasta skólaári.....	7
2. Frá sjálfsmatshópi	7
3. Starfsáætlun innra mats	7
4. Kaflar metnir skólaárið 2017 - 2018	7
4.1. Líðan nemenda og starfsfólks (3.1).....	7
4.1.1. Vinnulag	8
4.1.2. Niðurstöður úr líðankönnun í október 2017.....	8
4.1.3. Niðurstöður úr líðankönnun í mars 2018	8
4.1.4. Samanburður úr líðankönnunum skólans í október og mars.....	9
4.1.5. Tillögur að úrbótum	9
4.2. Könnun um ýmislegt varðandi skólastarfið	10
4.2.1. Vinnulag	10
4.2.2. Niðurstöður úr könnuninni um skólastarfið	10
5. Lokaorð	10

1. Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið þarf stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin á eftirfarandi slóð: <http://www.althingi.is/alttext/135/s/1114.html>

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. grein, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein kemur fram að Mennta- og menningarmálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. grein og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðir þeir nota í sjálfsmatsvinnunni. Ráðuneytið gefur út ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Ýmislegt hefur áður verið unnið að sjálfsmati skólans en þetta er í annað sinn sem skýrsla er gerð um matið. Skólaárið 2007-2008 voru gerðar miklar breytingar á skólanámskránni. Við þróun skólanámskrárinnar höfðum við í huga að sjálfsmat skólans yrði einfalt, gagnort, auðskilið og félli að uppsetningu námskrárinnar. Allir starfsmenn komu að sjálfsmatsvinnunni á einhvern hátt.

1.1. Um Reykjahlíðarskóla

Í Reykjahlíðarskóla er sýn skólans **virðing – vellíðan – árangur**. Eftir þessari sýn starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk skólans.

Öll starfsemi önnur en íþróttakennsla fer fram á einum stað, í Reykjahlíðarskóla.

Íþróttakennsla fer fram í Íþróttamiðstöð Mývatnssveitar sem er við hlið skólans, ekki er innangengt á milli. Sundkennslan fer fram í sundlauginni á Laugum í Reykjadal, 5 dagar að hausti og 5 að vori.

Í Reykjahlíðarskóla starfa einnig Tónlistarskóli Mývatnssveitar og Leikskólinn Ylur.

Samstarf er við tónlistarskólann. Nemendur fá tækifæri til að sækja tónlistarnám á skólatíma þegar því verður við komið.

Mötuneyti er fyrir skólana í Mývatnssveit, Reykjahlíðarskóla og Leikskólann Yl.

Skólaárinu er skipt í tvær annir sem enda með námsmati í desember og maí. Hver kennslustund er 40 mínútur. Kennsla hefst klukkan 8:30 og allri kennslu lokið ekki seinna en klukkan 15:10.

Sérstaða skólans: Skólinn er fámennur með litla námshópa. Samkennsla er hjá öllum nemendum. Nálægðin er mikil og allir þekkjast vel. Gott samstarf er milli heimila og skóla. Allir nemendur koma a.m.k. tvisvar fram á hinum ýmsu uppákomum skólans, með því móti verða nemendur okkar öruggari með sig. Við erum í um 300 metra hæð yfir sjávarmáli, rúmlega helmingur nemenda býr í dreifbýli og kemur í skólann með skólabílum, hinn hlutinn býr í þéttbýliskjarnanum í Reykjahlíð. Við búum í einstöku umhverfi með jarðhita, náttúrufegurð og jarðfræðifyrirkærum.

Nemendur Reykjahlíðarskóla skólaárið 2017-2018 voru 33 í 2.-10. bekk og skiptust í 3 bekkjardeildir:

2.-4. bekkur 14 nemendur

5.-7. bekkur 11 nemendur

8. og 10. bekkur 8 nemendur

Engir nemendur voru í 9. bekk.

1.2. Starfsmenn Reykjahlíðarskóla

Skólustjóri er Sólveig Jónsdóttir. Það er eina stjórnunarstaðan við skólann.

Kennarar eru 6. Stöðugildi eru 5,5 og kennslustundir 141 á viku skólaárið 2017-2018.

Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og húsverðir eru 2 (1,5 stöðugildi).

Matráðar eru 2 (1,7 stöðugildi).

Sérfræðipjónustu fáum við frá skólapijónustu Norðurþings.

1.3. Markmið skólastarfs Reykjahlíðarskóla

Í Reykjahlíðarskóla vinnum við eftir þeirri stefnu að öllum líði vel, beri virðingu fyrir sér og öðrum og að allir nái árangri

- Í skólanum séu samskipti jákvæð, góð samvinna milli heimila og skóla og virk tengsl milli skóla og umhverfis. Gott samstarf heimila og skóla getur haft afgerandi áhrif á velferð nemenda.
 - Forsenda þess að öllum líði vel í skólanum er að samskipti séu góð. Tvisvar á skólaárinu eru foreldraviðtöl þar sem nemendur mæta með foreldrum sínum. Námsefniskynningar eru haldnar í upphafi skólaárs. Foreldrar fá upplýsingar um skólastarfið í tölvupósti og af heimasíðu skólans.
- Skólinn sér til þess að upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar.
 - Það gerum við með því að hafa heimasíðu skólans lifandi og aðgengilega, þar inn er sett dagskrá mánaðarins, matseðill, fréttir úr skólastarfinu og myndir. Þar inni er einnig að finna skólanámskrá, sjálfsmatsskýrslur og um annað sem lítur að starfi skólans. Einnig er mentor notaður til að senda heim upplýsingar í tölvupósti.
- Misjafnt er með hvaða hætti og eftir hvaða leiðum nemendur tileinka sér námið og því brýnt að bjóða þeim upp á fjölbreytt kennslutæki og gögn og koma þannig til móts við þarfir þeirra og áhugasvið.
 - Við leitumst eftir að aðlaga nám að þörfum hvers og eins. Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum kennslutækjum og hafa val um það hvort þeir nýta sér þau. Í unglingsádeild er boðið upp á val þar sem nemendur geta aðlagað nám sitt að sínu áhugasviði jafnt innan skólans sem utan.

- Í skólanum fer fram fjölbreytt starf og nemendur hafa áhrif á framvindu og hraða náms síns.
 - Við leitumst eftir að hafa fjölbreytt starf í skólanum meðal annars með því að brjóta upp skólastarfið með ýmsum hætti til dæmis þemadögum, æfingum fyrir árshátíð og þorablót og útivistardögum. Nemendur vinna á mismunandi hraða í sumu námsefni en það fer eftir greinum og efni.
- Með því að laga skólastarfið að mismunandi þörfum og getu nemenda hverju sinni ættu nemendur að fá notið sín í skólastarfinu og öðlast jákvætt viðhorf til skólans og námsins.
 - Með því að veita nemendum ákveðið frelsi við nám sitt meðal annars námshraða og vinnuáðstöðu, þ.e. að þeir finni þá námsáðstöðu sem þeim líkar best, hvort sem er að sitja við borð eða undir því, öðlast þeir jákvætt viðhorf bæði til skólans og námsins.

1.4. Þróunar- og nýbreytnistarf

Við vinnum eftir Grænfánaverkefni sem er stýrt af Landvernd. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga sjö skref. Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö árin en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.

Fyrir fjórum árum ákváðum við starfsmenn skólans að innleiða Jákvæðan aga.

Hann byggir á svokallaðri „sjálfsstjórnarkenningu“, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast.

Hugmyndafræðin „jákvæður agi“ gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu.

Fyrir fjórum árum byrjuðum við með heilsueflandi grunnskóla . Þá skoðuðum við mótuneytið. Þar á eftir tókum við fyrir hreyfingu, öryggi og einnig tannheilsu. Því næst var geðrækt tekin fyrir. Í vetur tókum við fyrir svefn og svefnvenjur nemenda og starfsfólks, einnig skjánotkun. Nemendur og starfsfólk tók þátt í Lífshlaupinu í febrúar.

1.5. Umbætur frá síðasta skólaári

Á síðasta skólaári könnuðum við líðan nemenda, viðhorf þeirra til lestrar og hvernig þeir geta haft áhrif á framtíða sína. Í framhaldi af því var haldið áfram með reglulega bekkjarfundir í námshópunum. Könnunin er frekar ítarlegar og munum við halda áfram að leggja hana fyrir tvisvar á ári. Sætaskipan í námshópunum var breytt reglulega yfir skólaárið.

2. Frá sjálfsmatshópi

Í sjálfsmatshópnum störfuðu Hólmfríður Jónsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir og Sólveig Jónsdóttir. Komum við nokkrum sinnum saman yfir veturinn. Á fyrsta fundi okkar settum við niður fyrir okkur hvernig við ætluðum að vinna sjálfsmatið í vetur og gerðum áætlun um starfið. Ákváðum að kanna líðan nemenda tvisvar í vetur, í október og mars. Einnig munum við við leggja fyrir nemendur könnun um ýmislegt sem tengist skólastarfinu s.s. heimavinnu, trú nemenda á eigin vinnubrögðum og námsgetu, í október og mars. Í vetur gerðum við nemendakannanirnar í fyrsta skiptið rafrænt og gekk það brösuglega til að byrja með, en tókst svo að lokum. Í hverjum kafla fyrir sig er sagt frá vinnulaginu og þar koma einnig fram matsspurningarnar.

3. Starfsáætlun innra mats

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, kafla VIII eru ákvæði um sjálfsmat skóla. Samkvæmt lögnum metur hver skóli árangur og gæði skólastarfs með innra mati. Einnig er í lögum um grunnskóla kveðið á um víðtæka upplýsingaöflun um skólastarf á grunnskólastigi og árangur þess.

4. Kaflar metnir skólaárið 2017 - 2018

4.1. Líðan nemenda og starfsfólks (3.1)

Í skólanámskrá kemur stefna skólans um líðan nemenda skýrt fram. Skólinn á að vera staður þar sem öllum á að líða vel og finna til öryggis. Skólinn var þátttakandi í Olweusarverkefninu gegn einelti skólaárin 2006 – 2014. En síðan þá höfum við framkvæmt líðankönnun byggða á nokkrum þeirra spurninga og einnig spurningum sem kennarar við skólann hafa gert.

Könnunin var gerð í október og aftur í mars, nú í fyrsta skiptið rafrænt. Okkar viðmið var að

ásættanlegt væri að 80% nemenda liði vel eða mjög vel í skólanum og að enginn væri lagður í einelti í skólanum.

Samhliða líðankönnun lögðum við fyrir nemendur könnun um ýmislegt varðandi skólastarfið.

4.1.1. Vinnulag

Könnunin um líðan nemenda byggist á sömu spurningum og hafa verið lagðir fyrir áður.

Nemendur í 5.-10. bekk tóku þátt og svöruðu allir nemendur í tímum í skólanum.

4.1.2. Niðurstöður úr líðankönnun í október 2017

- Um 70 % nemenda líður vel eða mjög vel í námshópnum, 25 % líður sæmilega en 5 % mjög illa.

Í skólabílnum líður rúmlega 92 % vel eða mjög vel, tæplega 8 % sæmilega en engum illa eða mjög illa. Þegar nemendur voru spurðir um líðan sína í frímínútum sögðust 82 % líða vel eða mjög vel og 11 % sæmilega en 5 % mjög illa. Í búningaklefum líður 75 % vel eða mjög vel, 25 % sæmilega en engum illa eða mjög illa. Í matsalnum á matartíma líður 90 % yfirleitt vel eða mjög vel, 5 % sæmilega og 5% illa.

- Því miður segjast um 12 % vera lagðir í einelti í skólanum en þegar nemendur eru spurðir hvort þeir telji að einhver sé lagður í einelti í námshópnum telja 75 % svo ekki vera, 18,8 % segjast ekki vita það en 6,2 % telja svo vera. Þegar nemendur eru spurðir hvort þeir telji að einhver sé lagður í einelti í skólanum segja 22,2 % að svo sé, 66,7 % telja svo ekki vera og 11,1 % segjast ekki vita það. Enginn nemandi segist leggja í einelti. Langflestir segjast mundu reyna að koma í veg fyrir einelti eða láta vita ef þeir yrðu þess varir. Flestir myndu láta umsjónarkennara eða skólaliða vita.

4.1.3. Niðurstöður úr líðankönnun í mars 2018

- Tæplega 77 % nemenda líður vel eða mjög vel í námshópnum, 17, % líður sæmilega en 6 % mjög illa.

Í skólabílnum líður 75 % vel eða mjög vel, 17 % sæmilega en 8 % mjög illa. Þegar nemendur voru spurðir um líðan sína í frímínútum sögðust 83 % líða vel eða mjög vel og 11 % sæmilega en 6 % mjög illa. Í búningaklefum líður 72 % vel eða mjög vel, 22 % sæmilega en 6 % mjög illa. Í matsalnum á matartíma líður 89 % vel eða mjög vel, 6 % sæmilega en 6 % mjög illa.

- Því miður segjast 6 % vera lagðir í einelti í skólanum en þegar nemendur eru spurðir hvort þeir telji að einhver sé lagður í einelti í námshópnum segja 72 % að svo sé ekki en 28 % segjast ekki vita það. Þegar nemendur eru spurðir hvort þeir telji að einhver sé lagður í einelti í skólanum segja 11 % að svo sé, 17 % segjast ekki vita það en 72 % telja svo ekki vera. Enginn nemandi segist leggja í einelti. Langflestir segjast mundu reyna að koma í veg fyrir einelti eða láta vita ef þeir yrðu þess. Flestir myndu láta umsjónarkennara vita.

4.1.4. Samanburður úr líðankönnunum skólans í október og mars

Af þessum niðurstöðum sést að ekki hefur orðið mikil breyting á líðan nemenda í námshópnum, frímínútum, matsalnum eða búningsklefanum, þar er breytingin örfá prósent. Breyting hefur orðið á líðan nemenda í skólabílnum því í október segjast 92 % líða vel eða mjög vel en 75 % í seinni könnuninni. En því miður kemur fram að nokkrir nemendur líður mjög illa á þessum stöðum. Einnig kemur fram að nokkrir nemendur segjast vera lagðir í einelti en þó fækkar þeim í könnuninni í mars frá því í október. Í báðum könnunum telja nokkrir nemendur að aðrir nemendur séu lagðir í einelti í skólanum þó enginn í þeirra námshópum. Í báðum könnunum segjast langflestir að þeir mundu reyna að koma í veg fyrir einelti eða láta ef þeir yrðu þess varir.

Sterkir þættir úr líðankönnun skólans:

- Meirihluta nemenda líður vel eða mjög vel.
- Langflestir segjast mundu reyna að koma í veg fyrir einelti.

Veikir þættir úr líðankönnunum skólans:

- Nokkrum nemendum líður mjög illa.
- Nokkrir telja að aðrir séu lagðir í einelti í skólanum.
- Nokkrum nemendum líður sæmilega eða mjög illa í skólabílnum.

4.1.5. Tillögur að úrbótum

- Hafa reglulega bekkjarfundi í námshópnum.
- Leggja fyrir könnun um líðan, alla vega tvisvar á skólaárinu.
- Mögulega að mynda einhvers konar vinahópa.
- Sætaskipan var breytt frá síðasta skólaári en kannski þarf að skoða hana betur.

4.2. Könnun um ýmislegt varðandi skólastarfið

Á fundi hjá sjálfsmatshópnum í október var tekin ákörðun um að leggja fyrir nemendur, samhliða könnun um líðan, samskonar könnun og árið áður, um ýmislegt varðandi skólastarfið. Ákváðum við að kanna lestrarvenjur nemenda og viðhorf þeirra til lesturs ásamt viðhorfi þeirra til sjálfrar sín.

4.2.1. Vinnulag

Þetta eru sömu spurningar og á síðasta skólaári.

Nemendur í 4.-10. bekk tóku þátt og svöruðu allir nemendur í tímum í skólanum.

4.2.2. Niðurstöður úr könnuninni um skólastarfið

Ánægjulegt er að sjá að flestallir nemendur hafa jákvætt viðhorf til sín og telja að þeir geti haft eitthvað um framtíð sína að segja. Annars sjást niðurstöðurnar í fylgiskjali nr. 4.

5. Lokaorð

Skýrslan verður birt á heimasíðu skólans. Þetta er gert til að fara eftir umhverfisstefnu skólans en eitt af umhverfismarkmiðum hans er að spara pappír.

Reykjahlíðarskóli 6. júní 2018

Hólmfríður Jónsdóttir

Sigríður G. Sigmundsdóttir

Sólveig Jónsdótti